



SKN-14	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2019		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		
Fundargerð Skólanefndar # 14		
31. október 2019		

Mættir:	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Guðný Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.	
Forfallaðir:	Sigríður fulltrúi nemenda	
Staður:	Fundarherbergi N-101	
Tími:	Kl. 12:00-13:00	Dags.: 31. október 2019

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Flosi formaður skólanefndar, setur fundinn kl. 12:03. Fréttir af skólastarfi haustannar eru ágætar. Val á áföngum stendur yfir. Fráfall Helga hafði mikil áhrif á bæði starfsfólk og nemendur skólans. Ferðamálaskólinn heldur áfram að dvína og nemendur á þessari önn eru aðeins 5 talsins. Náminu verður uppstokkað á næstu önn, breytt í fjarnám o.fl. Skólanefnd felur skólameistara og formanni skólanefndar að koma á samtali milli fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og skólans um framtíðarmöguleika námsins.	FE GEA	30 sek. 20 mín.
2.	Fjármál skólans	GEA	20 mín.
	Fyrstu drög komin að rekstraráætlun fyrir árið 2020. Að mati ráðuneytisins er yfirvinna starfsmanna skólans í hærra lagi. Vinnuframlag kennara virðist hafa verið rangt reiknað og það þarf að leiðrétta það þannig að ofáætlun verði tekin tilbaka. Þetta verður gert í samræmi við framkvæmd annarra skóla og í samstarfi við fulltrúa kennara. Guðríður sýnir drög að rekstraráætlun jan-sept 2020 sem stefnir í tap að fjárhæð u.þ.b. 61 milljón vegna orlofsskuldbindinga en séu þær teknar til hliðar nemur tapið u.þ.b. 25 milljónum. Það mun því verða tap á rekstri ársins. Skólinn á hins vegar uppsafnað frá fyrri árum 70 milljónir sem munu nýtast til móts við það.		

SKN-14	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2019		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		
Fundargerð Skólanefndar # 14		
31. október 2019		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
3.	Vorönn 2020	GEA	0 mín.
	Sjá dagskrárlið nr. 2.		
4.	Starfsdagur skólanefndar	GEA	18 mín.
	Opna brautin er ekki að virka vel virðist vera og er vilji til að fella hana niður. Um er að ræða bóknámsbraut án ákveðinnar línu þar sem nemendur hafa frjálssar hendur um val á áföngum. Þeir nemendur útskrifast gjarnan án nokkurrar sérhæfingar. Stefnt er að því að skólanefnd ásamt skólameistara hittist til vinnufundar um kl 13 þann 21. nóvember en það verður staðfest síðar. Stefnt verður að því að fá aðila úr atvinnulífinu á fundinn.		
5.	Fundi slitið: Formaður sleit fundi kl.13:00	FE	1 mín.

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir